

Nd.

439. Frumvarp til laga

[88. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun.

Lögskipaðar baðanir skulu fara fram ár hvert á öllu landinu á sama vetri á tímabilinu frá 15. október til 15. marz. Skulu sauðfjáreigendur hafa nothæf tæki eða aðstöðu til böðunar eða greiða þann kostnað, er af útvegum tækjanna leiðir, ef þeir leggja þau ekki til sjálfir. Þeir skulu einnig sjá fyrir hæfum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða mikilla óþrifa í sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa aukaskoðun fjár og útrýmingarböðun.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjárböðunum í þeim héruðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjárböðun, einn í hverju sýslu- eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Skal skipa eftirlitsmenn til fjögurra ára í senn. Eftirlitsmenn skulu annast undirbúning böðunar hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verzlani hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og annast skýrsluhald varðandi sauðfjárböðun. Þá skulu þeir einnig í samráði við baðstjóra ákveða, hvenær baða skuli í hverjum hreppi innan þess takmarks, sem ákveðið er í 1. gr., og tilkynna það sauðfjáreigendum.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir útnefna baðstjóra, einn eða fleiri í hverjum hreppi, eftir því sem nauðsyn krefur. Í bæjum ráða eftirlitsmenn baðstjóra eftir þörfum í samráði við bæjarstjórn. Baðstjórar skulu skipuleggja böðunarframkvæmdir, hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, hafa gát á því að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hvernar sýslu eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Kaup baðstjóra greiðist á sama hátt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða grunur leikur á, að kind hafi sýkt af fjárkláða, skal sá, er kindina hefur undir höndum, einangra hana án tafar frá öðru fé og tilkynna hreppstjóra eða bæjarstjóra þegar í stað. Er þeim skylt að halda hinu kláðasjúka fé í einangrun á kostnað eiganda, unz úrskurður dýralæknis hefur fengizt um, hvort um fjárkláða sé að ræða.

Reynist kindin kláðasjúk, skal dýralæknir gera ráðstafanir til útrýmingar sjúkdóminum strax og fært þykir í samráði við yfirdýralækni og viðkomandi eftirlitsmann.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, veitt frest eða undanþágu frá lögboðinni sauðfjárböðun, ef heilbrigði fjárins er svo háttað að dómi héraðsdýralæknis, að hætta kunni að stafa af böðun, eða ef hann álitur hættu á, að böðun geti valdið útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða tegund baðlyfja skuli nota við sauðfjárbaðanir.

Ef baða þarf fé oftast en einu sinni sama veturinn vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfjanna að hálfu leyti, eins og þau kosta á næsta verzlunarsstað. Fjáreigendur greiði annan kostnað við sauðfjárbaðanir.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd sauðfjárbaðana, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Er heimilt í slíkri reglugerð að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigendur hafa eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir lögskilinn tíma, og að heimilt sé að baða sauðfé á kostnað eiganda, hafi hann eigi lokið böðun á tilskildum tíma.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000—10000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 90 frá 3. maí 1935, um útrýmingu fjárkláðans, og lög um sauðfjárbaðanir, nr. 19 13. janúar 1938.